

CQ TF

FRÉTTABRÉF 3/86



TF ÚTILEIKARNIR 1986

• **Áttundu TF-ÚTILEIKARNIR** verða haldnir um verzlunarmannahelgina 1986. Tilgangur útileikanna er að örva áhuga og hæfni íslenskra radíóamatöra einkum að því er varðar notkun færanlegra stöðva við sambönd innanlands og jafnframt vera mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar og amatörradíós.

• **Aðalbreyting á reglum** frá því sem verið hefur er að þátttaka er nú heimil hvenær sem er um verzlunarmannahelgina, án þess þó að heildar þátttökutími hvers og eins sé aukinn.

• **Aðalþátttökutímabil**

kl. 1600-1900 laugardag 2. ágúst 1986

kl. 0900-1200 sunnudag 3. ágúst 1986

kl. 2100-2400 sunnudag 3. ágúst 1986

kl. 0800-1000 mánudag 4. ágúst 1986

Þó má hafa samband hvenær sem er um verzlunarmannahelgina, enda fari heildar þátttökutími hverrar stöðvar ekki yfir 9 klst. miðað við höfð QSO. Sé stöð opnuð og samband haft, telst tíminn minnst 30 mín., jafnvel þótt aðeins um eitt samband sé að ræða. Hver byrjaður hálf tími til viðbótar reiknast 30 mín. Samband við sömu stöð á sama bandi, telst gilt, svo fremi að a.m.k. **8 klst.** séu liðnar frá fyrra sambandi. **Þrjú sambönd** er hámarksfjöldi sambanda við sömu stöð á sama bandi, samanber þó að 40/20/15/10 metrar reiknast sem eitt band..

• **Að gefnu tilefni:**

Peir sem eru með VFO ættu ekki að rabba um daginn og veginn á tíðnum hinna sem eru kristalstyrðir t.d. á 3710 kHz

• **SKILABOD:** a) Lágmarksupplýsingar sem skiptst er á eru: **RST og QSO númer.** Athugið að láta kallsvæðisnúmer koma fram í kallmerkinu.

Þetta er nægjanlegt til fullgildra sambanda.

Peir sem ekki hafa áhuga á öðru en lágmarks gildum útileikasamböndum, þurfa ekki á frekari upplýsingum að halda. Reglur útileikanna í heild sinni ásamt radíódagbókar- og samantektarblaði eru sendar út í sérstökum blöðum, sem fylgja fréttabréfi þessu.

Okkur virðist . . .

Þrátt fyrir mikinn tíma, kostnað og fyrirhöfn margra aðila hefur ekki enn tekist að finna örugga radióleið milli hvaða tveggja staða á landinu sem er, hvenær sem er. Þrátt fyrir núverandi Gufunesstöðvar, amatørstöðvar, VHF stöðvar, VHF endurvarpa, farsíma, CB-stöðvar.... er alltaf möguleiki að radió-leiðin sé ekki fyrir hendi, þegar hennar þarf við.

- Öll tæki geta bilað. Það er háð smíði tækjanna og er ekki til umræðu hér. Það sem hér er verið að tala um er radióleiðin, þegar hún bilar, eða er ekki fyrir hendi. Stutt- og miðbylgjur eru háðar duttlungum skilyrðanna, metrabylgjur hafa takmarkaða langdrægni. Þetta getur allt haft afleiðingar þegar mikið liggur við.

- Hvaða möguleikar eru á tryggri radióleið hvert á land sem er, hvenær sem er? Væri svarið auðvelt eða ódýrt, væri líklega búið að nýta möguleikann fyrir löngu. Engu að síður er verðugt fyrir radióamatöra að velta þeirri spurningu fyrir sér. Einkum þar sem radióamatörar hafa oft vísað veginn um nýja radió-tækni.

- Gervitungl munu eflaust einhverntíma skapa radióleið sem þessa, kannski fyrr en menn grunar. Það er hinsvegar öryggisatriði, ef unnt er að vera óháður gervitunglum.

- Á sl. sumri gerðu nokkrir radióamatörar víðreist um hálendi Íslands í þeim tilgangi að finna stað fyrir endurvarpa, sem gæti brúað leiðina Reykjavík-Akureyri. Ekki fannst neinn slíkur staður. Hinsvegar kom það jákvætt út úr ferðum þeirra, að ýmsir sambandsmöguleikar eru fyrir hendi, sem menn að óreyndu hefðu líklegast talið útilokaða. Má þar nefna samband frá Reykjavík á 144 MHz til Hveravalla og einnig veikt samband norðaustur fyrir Hofsjökul. Þessi sambönd náðust á SSB og morsi, sem hafa meiri langdrægni en FM.

- Þetta leiðir athyglina að því, að útbreiðsluathuganir fyrir hefðbundin tæki miðast yfirleitt við gott merkis-suðu

CQ TF

fréttabréf

5. útgangur

Útgefandi
Íslenskir radióamatörar (IRA)
pósthólf 1058, 121 Reykjavík

Ritstjóri og ábm.
Kristján Benediktsson, TF3KB
Efni sendist ritstjóra í síðasta lagi
20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu
í pósthólf 8873, 128 Reykjavík.
Þeir sem unnu að þessu bláði:
TF3JB, TF3KB og TF3-035.

IRA er hið íslenska aðildarfélag í
IARU, IARU Region I og NRAU.

hlutfall (signal-to-noise ratio), þ.e. frekar sterk merki. Sambandsmöguleikar eru miklu meiri, ef unnt er að nýta veik merki. Það er einkum tvennt sem gerir auðveldara en áður, að nýta veikari merki:

1. Tölvutækni
2. Samfasa fjarskipti

Radióamatörar víðsvegar um heiminn ná nú miklum áreiðanleika í samböndum með AMTOR og pakkaradiói við erfið skilyrði. Samfasa fjarskipti í tengslum við þetta, geta aukið þennan áreiðanleika enn frekar.

- Það má segja að nýtt viðhorf skapist ef unnt er að hafa áreiðanleg sambönd segjum 10 dB eða betur, undir suðu. Þá þarf að kanna allar radióleiðir upp á nýtt. Hve langt má ná t.d. á jarðbylgju á 160m, dreifingu (scatter) eða loftsteinum á 50 MHz eða broti á 144 MHz.

- Hér er verk að vinna, verk sem verðugt væri að íslenskir radióamatörar gerðu tilraunir með. Það gæti varpað ljósi á möguleika á endurbættum radióleiðum innanlands. (TF3KB)

QSP....

• **RAFVAK**er tillaga að nýyrði yfir orðið radió, sem Helgi J. Halldórsson setti fram í þætti um íslenskt mál í útvarpinu fyrir nokkru. Síðari hluti orðsins er tillaga komin frá félaga vorum Sveini Guðmundssyni, TF3T. Aðdragandi málsins var tillaga sem borist hafði þættinum, um nýyrði fyrir orðið radió. Það varð Sveini, TF3T tilefni ítarlegs bréfs til þáttarins, þar sem hann leggur til orðið vak fyrir radió. Vitnar hann í Gunnarshólma eftir Jónas Hallgrímsson, þar sem segir:

“Klógulir ernir yfir veiði hlakka, því fiskar vaka þar í öllum ám.” Vak merkir uppitak silungs í vatni. Sveinn heldur áfram: “Bylgjur breiðast síðan í yfirborðinu á reglulegan hátt út frá vökinni. Við sjáum sammiðja hringa, sem alltaf stækka....Hið sama gerist, þegar rafstraumar riða títt um vír, sem settur er upp í loftið.” Orðið vak hefur sökum stuttleikans nær ótæmandi möguleika í samsetningum, en helst má finna að skorti á tilvísun til rafmagns-tækninnar. Þetta mun liggja að baki tillögu Helga J. Halldórssonar um að skeyta raf framan við vak og nefna rafvak. Með því að stytta rafvak í vak, þegar það þykir henta í samsetningum, má halda kostum beggja orðanna.

- Af samsetningum, sem Sveinn minnst á má nefna: “almannavak, bílvak, farvak, fjarvak, hugvak, K-vak=kvak(=Keflavíkur-útvarpið), nærvak, rúvak, vakafli, vakból, vakhugi (=radíóamatör), vakorka, vaksendir, vaktíðni, vaktjáníng, tjávakstungl”

- Ágætu vakhugar (radíóamatörar) hvernig litist ykkur á að félag ykkar hétí:

Íslenzkir rafvakhugar (ÍRA) Þetta er með betri hugmyndum um ís-



Um það bil 12 metra hátt loftnetsmastur til sölu. Hefur verið í notkun hjá TF3YH síðan 1981. Hafid samband við Yngva, TF3YH í síma 687456 eftir kl. 2000.


Vilt þú halda áfram að fá fréttabréfið?

Ef svo er skaltu greiða félagsgjaldið við fyrsta tækifæri. Notaðu til þess gíróseðilinn, sem sendur var. Þeir sem ekki hafa fengið gíróseðil geta greitt inn á gíróreikning: 51058-0. Árgjaldið er kr. 1000,- frá 6. júní.

lenzkt nafn á félagið. Varast ber þó að rasa um ráð fram í þessum efnum. Mestu máli skiptir hvernig orðin venjast. Þess er skemmst að minnast, að nafni félagsins var breytt fyrir allnokkrum árum í Íslenzkir radíóáhugamenn og það vandist illa og hefur auk þess aðra merkingu, svo nafninu var breytt aftur.

- Fréttabréfið kemur hugmyndinni hér með á framfæri, og notar til tilbreytingar orð á þessum stofni út þennan QSP dálk.

• **Ísland er ómissandi** hlekkur milli Ameríku og Evrópu. Pakka-rafvak eða bara pakkvak, (á ensku: packet radio eða bara packet) er mikill vaxtarbroddur meðal rafvakhuga víðsvegar í heiminum um þessar mundir. Á 14103 kHz má núorðið oft heyra undarleg merki eins ogbllllllllluuuuuuurrrrrrrrrrrpp eðaklll-iiiiiiiiiiiirrrrrrrrrrrsssskkk. Þetta er ekki bilun í tækinu, heldur er pakkvakið lifandi komið (eða ætti kannski heldur að kalla það pakkvakvak):



PAKKVAKSTÖÐ

Í pakkvaki fara sendingar fram í þökkum. Örtölva sér um að skipta texta í pakka, venjulega u.þ.b. ein lína á skjá. Hver pakki er svo merktur í bak og fyrir með sendanda, viðtakanda og gátsummu (checksum). Gátsumman gegnir því hlutverki að ganga úr skugga um á móttökustaðnum hvort pakkinn er rétt móttekinn. Ef ekki, þá er beðið um endurtekningu. Með þessu móti er unnt að senda upplýsingar 100% réttar á milli. Algengasti staðall þessara sendinga hjá rafvakhugum er AX.25. Það er rafvakhugaútgáfan af hinum þekktu X.25 staðli, sem m.a. er notaður í hinu nýja gagnaneti Pósts og síma.


- Komid hefur til tals að brúa bilið yfir Atlantshafið með endurvarpsstöðvum með um 1000-2000 km millibili og nota loftsteinaendurkast (MS). Landakeðjan yrði.-VE-VO-OX-TF-GM.

- Borist hefur fyrirspurn til TF3KB erlendis frá hvort áhugi sé fyrir þessu meðal íslenskra rafvakhuga. Þessari spurningu er hér með komið á framfæri.

- **TF3YH er á förum** af landinu í lok ágúst-mánaðar n.k. til námsdvalar við Queen's University, Ontario Canada og hyggst dveljast amk. 1 ár við nám að Masters gráðu í hagfræði, sérgrein hagamlingar (Econometrics). Hyggst Yngvi sækja um gagnkvæmisleyfi.

• **Hinn 17. júní sl.** var starfrækt stöð í Hljóm-skálagarðinum í Reykjavík undir kallmerkinu TF3SS. Var gestum og gang-andi kynnt þar starfandi vakhugastöð. Tækjabúnaður var TS-120 og bitabox TF3DX, með dípól fyrir 20m og langan vír fyrir 80m. Sambönd náðust m.a. við N1TF (fyrir milligöngu TF3TF), TF5GW, TF5BW, TF5TP og TF3XUU/M5. TF3TT bar hitann og þungann af undirbúningi með aðstoð þeirra TF3LJ, og TF3-060. Þeir TF3DX, TF1PS, TF3ATT starfræktu tækin, en auk þess sást til þeirra TF3BMT, TF3FG, TF3LB, TF30M. TF3SC og TF3US.

• **Norðurljósamet fuku** flest daga 7. - 9. febrúar sl. Það var 4. feb. að vart var við vaxandi suðu frá sólinni á 144 MHz. Daginn ettir mátti heyra S-9 suð frá sólinni á 50 MHz í Bretlandi. 48 klukkustundum seinna varð röt-eindagos (proton event). Met voru slegin á flestum böndum bæði vestan hafs og austan. K-vísirinn (K-index) mældist meiri en nokkru sinni. Hann sýnir á skala 1-9 óró-leikann í segulsviði jarðar (SJÁ MYND). - Fróðlegt væri fyrir vakhuga að hafa aðgang að K-vísinum eins og hann er hverju sinni. Rætt hefur verið um möguleikann að senda K-vísinn út frá fyrirhuguðum 21 MHz vakvita, en útsendingar frá segulmælingastöð Háskólans gera það hugsanlegt.



Radióþjónusta hf
Sigga Harðar S. 75570

SMÍÐJUVEGI 38 · 200 KÓPAVOGI

ERUM FLUTTIR

í stærra og betra húsnæði



SMÍÐJUVEGUR 38
 Nýtt símanúmer 75570

Fullkomin aðstaða til viðgerða og ísetninga á tækjum í allar stærðir bíla. Eigum og erum að fá úrval af fylgihlutum fyrir talstöðvar og útvörp. T. d. VHF sjálfleitandi viðtæki, hátalarakúlur og margt fleira.

Eigum einnig mjög góða RADARVARA sem hafa verið prófaðir hér á landi með góðum árangri.

Sala og þjónusta
 fyrir  **YAESU** talstöðvar

Spáð íDX


• Í síðasta fréttabréfi, sem kom út í byrjun júní, birtist spá fyrir maí. Spárnar eru hinsvegar ekki það nákvæmar, né breytist svo mikið milli mánaða, að hæglega má notast spá af þessu tagi þótt mánaðar gömul sé. Vonandi hefur þetta ekki valdið mönnum erfiðleikum.



• Að þessu sinni er tekið ofurlítið meira forskot á seluna og spáin sem hér birtist er fyrir ágúst 1986. Miðað er við sólblettatöluna 8.

• Sólblettir eru nú í lágmarki og er ekki búist við að þeir fari að aukast fyrir einhverntíma á næsta ári. Kenningar segja að sólblettalágmarki fylgi léleg skilyrði á hærri tíðnunum, en góð á þeim lægri. Þrátt fyrir þetta eru skilyrðin af og til óvenju góð á hærri tíðnunum. Nýverið voru opnanir á 21 og 28 MHz, sem fáir áttu von á og TF amatörar hafa löngum veitt athygli bættum skilyrðum á haustin á þessum tíðnum. Það borgar sig greinilega ekki að afskrifa hærri böndin þótt sólblettalágmark sé.

• **TF3YH** kom með gagnlega ábendingu fyrir þá sem hafa áhuga á samböndum við Ástralíu. Hann hlustar á útvarpsendingar þaðan. Þótt þær séu aflmeiri en amatörsendingar, geta styrkbreytingar gefið til kynna hvenær helst sé að reyna á amatörböndunum. Yngvi segist heyra vel á köflum sendingu á ensku til Evrópu á 6035 kHz milli kl. 1430 og 2030 GMT. Einnig sagðist hann oft heyra vel sendingu á 15160 kHz milli kl. 2100 og 0100 GMT, sem er athyglisvert í sólbletta-lágmarki, þegar tekið er tillit til að loftnetið er aðeins 3-4 metra langur vír-spotti. Móttakarinn sem Yngvi notar er Sony ICF-7600D.

• **5 banda DXCC:** Nú er dag tekið að stytta svo búast má við að skilyrðin fari batnandi á lægri tíðnunum fram á haust og vetur. Áhugamenn um 5BDXCC ættu að huga að loftnetum fyrir 40, 80 og 160 metrana meðan góða veðrið er, því búast má við góðum skilyrðum. Kjörrið tækifæri til að ná nýjum löndum á lægri tíðnunum. Óvíst að jafngott tækifæri gefist næstu 10 árin (TF3KB)





Fyrri grafið hér að neðan sýnir Zurich sólblettatöluna frá síðustu aldamótum og líklega þróun fram til 2000.

Seinna grafið sýnir síðustu sólblettasveiflu. Þykka línan sýnir ársmeðaltöl, en mjóa línan mánaðarmeðaltöl, sem hafa mun meiri sveiflur.

Lóðrétt: sólblettatala, lárétt: ár

